

Alþingi
Erindi nr. P 130/2376
komudagur 7.5.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2004.

Svar laganefndar LMFÍ við beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 1525 – 974. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur mótttekið beiðni um að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Beiðnin barst nefndinni miðvikudaginn 5. maí sl. og er nefndinni ætlað að skila umsögn sinni í dag, föstudaginn 7. maí.

Frumvarp þetta felur í sér grundvallar breytingu á réttarástandi á því sviði sem frumvarpið tekur til og frumvarpið snertir í raun samfélagið allt og undirstöður þess. Þótt frumvarpið feli einungis í sér tvær efnislegar greinar þá eru skýringar með því miklar að vöxtum og alls er um 128 blaðsíður að ræða. Mál þetta er því í senn viðkvæmt og viðamikilið og frumvarpið gefur að mati laganefndar LMFÍ tilefni til athugunar á margvíslegum lögfræðilegum álitaeftum. Þannig telur laganefndin til að mynda nauðsynlegt að taka til ítarlegrar skoðunar nokkur ákvæði stjórnarskrárinnar við samningu umsagnar um frumvarpið, svo og ákvæði alþjóðlegra samninga og sáttmála sem Ísland er bundið af og ákvæði í settum lögum. Ákvæði þessi varða sum hver grundvallar mannréttindi borgaranna, svo sem réttinn til tjáningarfrelsis og friðhelgi eignarréttarins. Við þessar aðstæður er að mati laganefndarinnar sérstaklega brýnt að vanda til undirbúnings lagasetningar.

Laganefndin fær ekki séð að það sé yfirhöfuð mögulegt með vísan til framanritaðs að skila vandaðri umsögn um málið á þeim tveimur sólahringum sem nefndinni eru ætlaðir til verksins. Af þeim sökum getur laganefnd LMFÍ ekki orðið við beiðni um að veita umsögn um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður